

## Tillaga til 478. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 24. júní 2021

Tillaga frá 1157. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 14. júní 2021, um að bæjarstjórn samþykki að auglýst verði laus staða leikskólastjóra á leikskólanum Laufási á Þingeyri.

### 6. Erindi frá leik- og grunnskólastjórum á Þingeyri og Flateyri - 2021040074

Lagt fram erindi Kristbjargar Sunnu Reynisdóttur, leik- og grunnskólastjóra á Flateyri, og Ernu Höskuldsdóttur, leik- og grunnskólastjóra á Þingeyri, dags. 21. apríl 2021, þar sem óskað er eftir að endurskoðað verði það fyrirkomulag að skólastjóri stýri bæði leik- og grunnskóla á Flateyri og á Þingeyri. Auk þessa er lagt fram minnisblað Hafðísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 11. maí 2021, vegna málsins, svo og minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa, dags. 3. júní 2021 vegna málsins.

Erindi Kristbjargar og Ernu var lagt fram á 427. fundi fræðslunefndar þann 29. apríl 2021, og var eftirfarandi bókað: „Fræðslunefnd leggur til að auglýst verði eftir leikskólastjóra í stað deildarstjóra á leikskólanum Grænagarði Flateyri. Jafnframt leggur fræðslunefnd áherslu á mikilvægi áframhaldandi faglegrar samvinnu skólastigana. Ekki verður um kostnaðaraukningu að ræða við þessa breytingu á Flateyri samkvæmt minnisblaði frá skólastjóra. Fræðslunefnd kallar jafnframt eftir kostnaðargreiningu frá leik- og grunnskólanum á Þingeyri.“

Á 429. fundi fræðslunefndar þann 10. júní 2021 bókað nefndin eftirfarandi varðandi stöðuna á Þingeyri: „Kynnt er minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa. Fræðslunefnd kallaði eftir kostnaðargreiningu á 427. fundi sínum þann 29. apríl 2021, vegna óska Ernu Höskuldsdóttur leik- og grunnskólastjóra þess efnis að endurskoðað yrði það fyrirkomulag að skólastjóri stýrði bæði leik- og grunnskóla á Þingeyri.

Fræðslunefnd leggur til að auglýst verði eftir leikskólastjóra á Þingeyri og vísar málinu áfram til bæjarráðs.“

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýst verði laus staða leikskólastjóra á leikskólanum Laufási á Þingeyri.*